

Fimmtudaginn 16. mars 1989.

Nr. 68/1989. **Samband íslenskra samvinnufélaga,
skipadeild,
gegn
Meitlinum hf.**

Kærumál. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, vísaði máli þessu frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Sóknaraðili hefur með kæru 3. þ.m. kært frávísun málsins frá bæjarþingi Reykjavíkur, sem gerð var með áritun á áskorunarstefnu 20. febrúar sl.

Sóknaraðili krefst þess, að umrædd dómsathöfn verði úr gildi felld og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið til áritunar að nýju. Þá krefst hann kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðila hefur verið tilkynnt um kærumál þetta. Hann óskar ekki eftir að gera kröfur í málinu eða skila greinargerð.

Sóknaraðili bendir á, að höfuðstöðvar sínar séu í Reykjavík. Þangað hafi varnaraðili þurft að sækja það erindi að fá gámana afhenta. Afhending gámanna hafi jafnframt verið bundin því skilyrði, að varnaraðili greiddi fyrir þjónustuna í Reykjavík, þar sem gámarnir voru afhentir. Af framangreindum ástæðum hafi sóknaraðila verið heimilt að höfða málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Sóknaraðili hefur stöðvar sínar í Reykjavík og rekur þar flutningastarfsemi með kaupskipum. Flutningur á vörum í gámum er þáttur í þeirri starfsemi. Fellur þjónusta þessi undir ákvæði 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936. Af því leiðir, að fella ber hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hin áfrýjaða dómsathöfn er úr gildi felld og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Frávísunaráritun bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1989.

Mál þetta er höfðað til heimtu á fjórum reikningum vegna leigu stefnda á gámum hjá stefnanda. Skv. áskorunarstefnu málsins er stefndi, Meitillinn hf., skrásettur með heimili í Þorlákshöfn. Stefna málsins var birt í Mosfellsbæ fyrir Ólafi Jónssyni, stjórnarformanni Meitilsins hf. Mál þetta er hins vegar rekið á bæjarþingi Reykjavíkur.

Á reglulegu bæjarþingi fimmtudaginn 16. febrúar var málið endurupptekið að ósk lögmanns stefnanda sem lagði fram sókn. Þar kemur fram að um krafín skuld sé vegna leigu á gámum til stefnda. Þar kveðst stefnandi enga sjálfstæða starfsemi hafa á landsbyggðinni, hins vegar hafi stefnandi umboðsmenn þar sem þurfa þyki. Af framangreindu telur stefnandi að heimilt sé að stefna þessu máli á bæjarþingi Reykjavíkur skv. 1. mgr. 82. gr. 1. nr. 85/1936.

Ákvæði 1. mgr. 82. gr. 1. nr. 85/1936 voru samin eftir 1. nr. 59/1905, en þau tóku aðeins til verslunarskulda, þ.e. skulda sem stofnuðust vegna kaupa og sölu, s.s. skulda við lyfsala, bóksala, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita o.s.frv., sbr. 2. mgr. 1. gr. 1. nr. 59/1905. Með 1. mgr. 82. gr. 1. nr. 85/1936 var reglan rýmkuð nokkuð þar sem undir greinina voru einnig felld mál til greiðslu á andvirði vinnu þeirra manna sem höfðu fasta starfstofu. Í athugasemdum við 82. gr. í greinargerð með 1. nr. 85/1936 eru lækmar, málfærslumenn, smiðir, bifreiða- og hjólaviðgerðarmenn nefndir sem dæmi um menn sem gætu notfært sér hagræði greinarinnar.

Orðasambandið „greiðsla á andvirði vöru“ hefur almennt verið skýrt svo að átt sé við greiðslu á skuldum sem stofnist vegna kaupa og sölu á verslunarvörum í fastri starfstofu. Mál til efnda á leigusamningum voru því hvorki talin falla undir 1. nr. 59/1905, sbr. Lyrd. 1919, 758 (X. bindi), né hafa verið talin falla undir 1. mgr. 82. gr. 1. nr. 85/1936.

Þegar litið er til þess, hvernig greinin er sögulega til komin, og til þess að hér er um að ræða varnarþingsreglu sem er undantekningarregla, verður ekki heldur talið heimilt að skýra 1. mgr. 82. gr. rýmra en orð hennar segja til um.

Að framansögðu athuguðu þykir ekkert fram komið í málinu um að stefnda sé skylt að svara til saka utan varnarþings síns skv. 75. gr. 1. nr.

85/1936. Þykir því ekki verða hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður dæmist ekki.
